

Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga

Ársreikningur

2011

Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga
Sigtúni 42
105 Reykjavík
Kt. 491098-2529

Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga

Ársreikningur

2011

Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar	2-4
Áritun óháðs endurskoðanda	5
Yfirlit um breytingu á hreinni eign	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymi	8
Skýringar	9-18
Kennitölur	19-24

Skýrsla stjórnar

Iðgjöld

Fjöldi einstaklinga sem áunnu sér réttindi í samtryggingardeildum sjóðsins (A og V deildir) á árinu 2011 voru 14.267 í A-deild og 7.601 í V-deild, samanborið við 14.127 og 8.248 árið áður. Að meðaltali greiddu á mánuði 9.327 einstaklingar iðgjöld til A-deildar og 4.810 til V-deildar, samanborið við 9.510 og 3.498 árið áður. Iðgjöld í A-deild námu 4.863 m.kr. og jukust um 6%. Iðgjöld í V deild námu 1.113 m.kr. og jukust um 13%.

Óvirkir sjóðfélagar í árslok voru 25.718 í A-deild og 18.387 í V-deild.

Fjöldi einstaklinga sem áunnu sér réttindi í séreignadeildum sjóðsins (S deildir) á árinu 2011 voru 1.129, samanborið við 1.120 árið áður. Iðgjöld í S-deild námu 97 m.kr. og jukust um 2%.

Lífeyrir

Lífeyrir í A og V-deildum nam 756 m.kr. á árinu og hækkaði um 20% frá fyrra ári. Að meðaltali fengu 1.622 einstaklingar lífeyri á mánuði í A-deild og 314 í V-deild, samanborið við 1.385 og 260 árið áður. Fjölgun einstaklinga sem fá lífeyri er þannig 291.

Ráðstöfunarfé, fjárfestingar og ávöxtun

Sjóðurinn ráðstafaði 13.777 m.kr. til fjárfestinga á árinu. Greinist þannig að keypt voru verðbréf með breytilegum tekjum fyrir 4.662 m.kr. (34%), verðbréf með föstum tekjum fyrir 8.546 m.kr. (62%), veitt veðlán til sjóðfélaga 234 m.kr. (2%), hækkun bankainnistæðna 310 m.kr. (2%) og aðrar fjárfestingar 25 m.kr. (0%). Veitt veðlán til sjóðfélaga á árinu voru 34 talsins.

Samsetning annarra fjárfestinga er með þeim hætti að 83% er í íslenskum krónum og 17% í öðrum gjaldmiðlum.

Á árinu var varúðarniðurfærsla óskráðra verðbréfa aukin um 303 m.kr. og er það vegna skuldabréfa fyrirtækja.

Skiptasamningar við Landsbanka Íslands hf. voru gerðir upp á árinu. Í árslok eru því einungis óuppgerðir skiptasamningar við Kaupþing banka hf. Sjóðurinn á skuldabréf útgefin af Kaupþingi, sem hann getur að fullu skuldajafnað á móti.

Nafnávöxtun sjóðsins í heild var 9% og hrein raunávöxtun 3,6%. Sambærilegar tölur fyrir árið 2010 eru 3,9% nafnávöxtun og 1,3% raunávöxtun. Í kennitölum meðfylgjandi ársreiknings er að finna nánari upplýsingar um ávöxtun einstakra deilda og ára.

Þeir þættir sem einna helst höfðu áhrif á ávöxtun sjóðsins samanborið við fyrra ár, voru hærri verðbólga og léleg ávöxtun erlendra verðbréfa þrátt fyrir veikingu íslensku krónunnar. Á móti kemur ágæt ávöxtun á innlendum skuldabréfum.

Ávöxtun á markaði

Úrvalsvísitala innlendra hlutabréfa lækkaði um 3% á árinu. Vísitala innlendra skuldabréfa hækkaði um 18% fyrir verðtryggð og 2% fyrir óverðtryggð. Vísitala neysliverðs til verðtryggingar hækkaði um 5%. Heimsvísitala hlutabréfa lækkaði um 1% mælt í evrum og 1% mælt í bandaríkjadöllum.

Skýrsla stjórnar

Hrein eign til greiðslu lífeyris

Hrein eign til greiðslu lífeyris nam í árslok 57.324 m.kr. í sameignardeildum og 1.143 m.kr. í þremur leiðum séreignardeildar eða samtals 58.467 m.kr. Nánari sundurliðun er að finna í ársreikningnum sjálfum.

Rekstur

Á árinu 2011 nam rekstrarkostnaður sem hlutfall af hreinni eign í árslok 0,20% eins og árið á undan. Starfsmenn sjóðsins í árslok voru 10 talsins í 10 stöðugildum og er það óbreytt frá ársbyrjun og fyrra ári. Sjóðurinn hefur með höndum rekstur Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar, Lífeyrissjóðs starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar, Lífeyrissjóðs Neskaupstaðar, Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar og Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar. Heildarfjárhæð launa, þóknana og annarra greiðslna til starfsmanna og stjórnar sjóðsins nam 110 m.kr. og hefur hækkað um 21% frá fyrra ári.

Tryggingafræðileg athugun

Að mati Bjarna Guðmundssonar, tryggingastærðfræðings sjóðsins, voru heildarskuldbindingar A-deildar 126.326 m.kr. í árslok 2011 og endurmetnar heildar eignir 112.430 m.kr., samanborið við 113.870 m.kr og 100.944 m.kr. árið áður. Heildarskuldbindingar V-deildar voru 27.804 m.kr. í árslok 2011 og endurmetnar heildar eignir 26.426 m.kr., samanborið við 23.338 m.kr. og 22.179 m.kr. árið áður. Hlutfall heildar skuldbindinga umfram heildar eignir í árslok 2011 var þannig -11% fyrir A-deild og -5% fyrir V-deild, samanborið við -11,4% og -5% árið áður.

Í töflu sem er hluti skýringa með ársreikningi er að finna frekari sundurliðun á tryggingafræðilegri stöðu samtryggingadeilda.

Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Það hafa engir atburðir orðið eftir uppgjörsdag sem hafa verulega þýðingu fyrir ársreikninginn umfram það sem greint hefur verið frá í skýringum með ársreikningi sjóðsins.

Skýrsla stjórnar

Álit

Að álit stjórnar og framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á breytingu á hreinni eign lífeyrissjóðsins á árinu 2011, efnahag hans í árslok 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2011 með undirritun sinni.

Reykjavík, 26. apríl 2012.

Í stjórn



Karl Björnsson
formaður stjórnar



Garðar Hilmarsson
varaformaður stjórnar



Elín Björg Jónsdóttir




Gerður Guðjónsdóttir



Kristbjörg Stephensen

Salóme A. Þórisdóttir

Framkvæmdastjóri



Jón G. Kristjánsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og sjóðfélaga Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga fyrir árið 2011. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, skýringar og kennitölur.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sjóðsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af breytingu á hreinni eign sjóðsins á árinu 2011, efnahag hans 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011, í samræmi við lög og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Kópavogur, 30. apríl 2012.

Deloitte ehf.



Knútur Þórhallsson
endurskoðandi

Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2011

Skýr.	Sameign			Séreign				Samtals 2011	Samtals 2010	
	A deild	V deild	Samtals	Leið 1	Leið 2	Leið 3	Samtals			
Iðgjöld	8									
Iðgjöld sjóðfélaga		1.207.968.141	358.367.330	1.566.335.471	35.178.337	12.023.273	11.359.793	58.561.403	1.624.896.874	1.519.727.248
Iðgjöld launagreiðenda		3.624.900.096	968.943.290	4.593.843.386	24.693.884	7.184.562	6.691.471	38.569.917	4.632.413.303	4.311.172.169
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		2.865.357	(227.311.157)	(224.445.800)	(15.786.750)	9.700.859	6.004.914	(80.977)	(224.526.777)	(190.925.394)
Sérstök aukaframlög	21	27.580.561	12.701.869	40.282.430	0	0	0	0	40.282.430	37.464.061
		<u>4.863.314.155</u>	<u>1.112.701.332</u>	<u>5.976.015.487</u>	<u>44.085.471</u>	<u>28.908.694</u>	<u>24.056.178</u>	<u>97.050.343</u>	<u>6.073.065.830</u>	<u>5.677.438.084</u>
Lífeyrir										
Lífeyrir	22	(718.318.654)	(38.078.263)	(756.396.917)	(86.168.852)	(7.297.263)	(34.113.615)	(127.579.730)	(883.976.647)	(702.961.118)
Annar beinn kostnaður vegna örorkulífeyris		0	0	0	0	0	0	0	0	(1.196.482)
		<u>(718.318.654)</u>	<u>(38.078.263)</u>	<u>(756.396.917)</u>	<u>(86.168.852)</u>	<u>(7.297.263)</u>	<u>(34.113.615)</u>	<u>(127.579.730)</u>	<u>(883.976.647)</u>	<u>(704.157.600)</u>
Fjárfestingartekjur	9									
Tekjur (gjöld) af eignarhlutum	23	60.299.053	8.827.427	69.126.480	978.342	(348.792)	0	629.550	69.756.030	15.612.901
Vaxtatekjur og gengismunur	24	4.386.920.399	642.219.344	5.029.139.743	74.211.183	25.063.734	15.147.191	114.422.108	5.143.561.851	2.658.795.466
Breytingar á niðurfærslu	29	(264.175.910)	(38.673.799)	(302.849.709)	0	0	0	0	(302.849.709)	(748.694.763)
		<u>4.183.043.543</u>	<u>612.372.971</u>	<u>4.795.416.514</u>	<u>75.189.525</u>	<u>24.714.942</u>	<u>15.147.191</u>	<u>115.051.658</u>	<u>4.910.468.172</u>	<u>1.925.713.604</u>
Fjárfestingargjöld	10									
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(23.005.621)	(3.246.528)	(26.252.149)	0	0	0	0	(26.252.149)	(24.972.732)
Önnur fjárfestingargjöld		(122.591.121)	(17.299.924)	(139.891.045)	(2.059.222)	(517.618)	(113.000)	(2.689.840)	(142.580.885)	(54.107.225)
		<u>(145.596.742)</u>	<u>(20.546.452)</u>	<u>(166.143.194)</u>	<u>(2.059.222)</u>	<u>(517.618)</u>	<u>(113.000)</u>	<u>(2.689.840)</u>	<u>(168.833.034)</u>	<u>(79.079.957)</u>
Rekstrarkostnaður	10									
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(92.022.485)	(12.986.112)	(105.008.597)	(154.172)	(114.308)	(114.225)	(382.705)	(105.391.302)	(100.190.926)
Önnur gjöld	37									
Gjald í ríkissjóð		(40.924.585)	(5.775.232)	(46.699.817)	(607.136)	(165.392)	(158.641)	(931.169)	(47.630.986)	0
Hækkun á hreinni eign á árinu		8.049.495.231	1.647.688.245	9.697.183.476	30.285.614	45.529.055	4.703.888	80.518.557	9.777.702.033	6.719.723.205
Hrein eign frá fyrra ári		41.737.017.813	5.889.881.871	47.626.899.683	714.974.378	157.489.286	190.028.100	1.062.491.764	48.689.391.447	41.969.668.242
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris		<u>49.786.513.044</u>	<u>7.537.570.116</u>	<u>57.324.083.159</u>	<u>745.259.992</u>	<u>203.018.341</u>	<u>194.731.988</u>	<u>1.143.010.321</u>	<u>58.467.093.480</u>	<u>48.689.391.447</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2011

Skýr.	Sameign			Séreign				Samtals 31.12.2011	Samtals 31.12.2010	
	A deild	V deild	Samtals	Leið 1	Leið 2	Leið 3	Samtals			
Fjárfestingar	10 - 16									
Húseignir og lóðir	25	108.168.801	16.376.522	124.545.323	0	0	0	0	124.545.323	128.765.381
<i>Aðrar fjárfestingar</i>										
Verðbréf með breytilegum tekjum	26	13.761.480.066	2.083.458.241	15.844.938.307	259.496.770	65.109.078	0	324.605.848	16.169.544.155	12.132.520.810
Verðbréf með föstum tekjum	28	27.874.107.837	4.220.079.483	32.094.187.319	483.001.134	129.581.154	0	612.582.288	32.706.769.607	27.641.634.500
Veðlán	30	5.460.067.381	826.642.362	6.286.709.742	0	0	0	0	6.286.709.742	6.054.397.353
Bankainnistæður		1.385.988.827	209.835.703	1.595.824.530	0	0	195.801.887	195.801.887	1.791.626.417	1.481.428.002
Aðrar fjárfestingar	31	250.308.551	37.896.172	288.204.723	0	0	0	0	288.204.723	421.989.031
		48.731.952.661	7.377.911.960	56.109.864.621	742.497.904	194.690.232	195.801.887	1.132.990.023	57.242.854.644	47.731.969.696
		48.840.121.463	7.394.288.482	56.234.409.944	742.497.904	194.690.232	195.801.887	1.132.990.023	57.367.399.967	47.860.735.077
Kröfur	19									
Kröfur á launagreiðendur	33	431.755.458	65.366.840	497.122.298	51.304	14.843	107.911	174.058	497.296.356	479.235.198
Aðrar kröfur		25.149.943	3.807.647	28.957.590	1.340.428	290.709	0	1.631.137	30.588.727	42.897.209
		456.905.401	69.174.487	526.079.888	1.391.732	305.552	107.911	1.805.195	527.885.083	522.132.407
Aðrar eignir										
Sjóður og veltiinnlán		577.702.128	87.462.849	665.164.977	13.602.034	8.857.519	0	22.459.553	687.624.530	377.104.427
Eignir samtals		49.874.728.991	7.550.925.819	57.425.654.809	757.491.670	203.853.303	195.909.798	1.157.254.771	58.582.909.580	48.759.971.911
Viðskiptaskuldir	20									
Aðrar skuldir		88.215.946	13.355.703	101.571.649	12.231.678	834.962	1.177.810	14.244.450	115.816.099	70.580.464
Skuldir samtals		88.215.946	13.355.703	101.571.649	12.231.678	834.962	1.177.810	14.244.450	115.816.099	70.580.464
Hrein eign til greiðslu lífeyris		49.786.513.045	7.537.570.116	57.324.083.160	745.259.992	203.018.341	194.731.988	1.143.010.321	58.467.093.481	48.689.391.447

Sjóðstreymi ársins 2011

Skýr.	Sameign			Séreign				Samtals 2011	Samtals 2010
	A deild	V deild	Samtals	Leið 1	Leið 2	Leið 3	Samtals		
Inngreiðslur									
Iðgjöld	5.221.021.935	736.784.851	5.957.806.786	44.137.856	28.908.694	24.056.178	97.102.728	6.054.909.514	5.540.141.324
Fjárfestingartekjur.....	1.267.801.710	178.910.778	1.446.712.488	3.394.307	628.638	15.147.191	19.170.136	1.465.882.624	851.755.153
Afborganir verðbréfa.....	852.426.492	120.293.485	972.719.977	27.925.512	6.831.109		34.756.621	1.007.476.598	1.658.804.122
Seld verðbréf með breytilegum tekjum.....	1.980.652.561	279.507.503	2.260.160.064	68.746.546	10.692.579		79.439.125	2.339.599.189	7.966.072.283
Seld verðbréf með föstum tekjum.....	3.670.286.579	517.946.790	4.188.233.369	11.663.484	4.692.700		16.356.184	4.204.589.553	9.959.922.297
Seldar aðrar fjárfestingar.....	58.539.036	8.260.964	66.800.000	0	0		0	66.800.000	16.133.030
Aðrar inngreiðslur.....	4.555.019	642.799	5.197.818	11.225.191	269.570	619.169	12.113.930	17.311.748	37.320.954
	<u>13.055.283.333</u>	<u>1.842.347.169</u>	<u>14.897.630.502</u>	<u>167.092.896</u>	<u>52.023.290</u>	<u>39.822.538</u>	<u>258.938.724</u>	<u>15.156.569.226</u>	<u>26.030.149.163</u>
Útgreiðslur									
Lífeyrir.....	(662.855.483)	(93.541.434)	(756.396.917)	(86.168.852)	(7.297.263)	(34.113.615)	(127.579.730)	(883.976.647)	(703.287.792)
Fjárfestingargjöld.....	(65.030.524)	(9.177.036)	(74.207.560)	(40.183)	(32.990)		(73.173)	(74.280.733)	(66.876.630)
Rekstrarkostnaður án afskrifta.....	(88.324.310)	(12.464.229)	(100.788.539)	(2.073.211)	(498.936)	(14.225)	(2.586.372)	(103.374.911)	(100.235.737)
Aðrar útgreiðslur.....	0	0	0	(5.171.185)	(636.647)	(1.743.242)	(7.551.074)	(7.551.074)	(49.682.779)
	<u>(816.210.317)</u>	<u>(115.182.699)</u>	<u>(931.393.016)</u>	<u>(93.453.431)</u>	<u>(8.465.836)</u>	<u>(35.871.082)</u>	<u>(137.790.349)</u>	<u>(1.069.183.365)</u>	<u>(920.082.938)</u>
Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu	12.239.073.016	1.727.164.471	13.966.237.486	73.639.465	43.557.454	3.951.456	121.148.375	14.087.385.861	25.110.066.225
Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting									
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum	(4.042.907.228)	(564.592.442)	(4.607.499.669)	(33.694.452)	(20.294.474)	0	(53.988.926)	(4.661.488.595)	(8.140.046.378)
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum	(7.442.919.831)	(1.050.336.629)	(8.493.256.460)	(35.454.891)	(17.088.072)	0	(52.542.963)	(8.545.799.423)	(16.627.833.898)
Ný veðlán og útlán	(205.337.937)	(28.977.063)	(234.315.000)	0	0	0	0	(234.315.000)	(304.550.000)
Lækkun (hækkun) á bankainnistæðum	(268.473.303)	(37.886.656)	(306.359.959)	0	0	(3.951.456)	(3.951.456)	(310.311.415)	293.733.415
Aðrar fjárfestingar, (hækkun)	21.865.667	(3.085.659)	(24.951.326)	0	0	0	0	(24.951.326)	(426.915.387)
	<u>(11.981.503.966)</u>	<u>(1.684.878.448)</u>	<u>(13.666.382.414)</u>	<u>(69.149.343)</u>	<u>(37.382.546)</u>	<u>(3.951.456)</u>	<u>(110.483.345)</u>	<u>(13.776.865.759)</u>	<u>(25.205.612.248)</u>
Hækkun (lækkun) á sjóði og veltiinnlánum	257.569.050	42.286.022	299.855.072	4.490.122	6.174.908	0	10.665.030	310.520.102	(95.546.023)
Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun	320.133.078	45.176.826	365.309.904	9.111.912	2.682.611	0	11.794.523	377.104.427	472.650.450
	<u>577.702.128</u>	<u>87.462.848</u>	<u>665.164.976</u>	<u>13.602.034</u>	<u>8.857.519</u>	<u>0</u>	<u>22.459.553</u>	<u>687.624.529</u>	<u>377.104.427</u>

Skýringar

I) Starfsemi

1. Almenn

Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga (LSS) var stofnaður með samningi BHM, BSRB og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og hefur til þess fullgilt starfsleyfi, sem gefið var út 8. desember 1998. Sjóðurinn rekur tvær samtryggingadeildir (A og V) og eina séreignardeild (S).

2. A deild

Almenn deild sem veitir föst réttindi óháð aldri (L 680). Nýir starfsmenn sveitarfélaga sem aðild eiga að LSS og eru félagsmenn í einhverju aðildarfélagi BHM eða BSRB gerast sjálfkrafa sjóðfélagar í A deild. Réttindi eru fyrirfram ákveðin og iðgjald 4% af heildarlaunum. Iðgjald launagreiðanda er hins vegar breytilegt (nú 12%) og aðlagð að því að standa á hverjum tíma undir réttindum sjóðfélaga. Deildin veitir rétt til elli-, örorku-, maka- og barnalífeyris. Miðað er við að taka ellilífeyris hefjist við 65 ára aldur, en getur hafist við 60 ára aldur gegn skerðingu.

3. V deild

Valdeild sem veitir aldurstengd réttindi. Deildin er opin þeim sem fá laun eða þóknun frá sveitarfélögum eða stofnunum þeirra og þeim sem ekki hafa skylduáðild að lífeyrissjóð. Iðgjald ræðst af kjara- og ráðningarsamningi. Lágmarksiðgjald er 12% þar sem sjóðfélagi greiðir 4% og launagreiðandi 8% (L 685). Mótframlag launagreiðanda starfsmanna aðildarfélaga BHM og BSRB er hins vegar 11,5% (L 683). Réttindi sjóðfélaga ráðast af iðgjöldum, ávöxtun þeirra og aldri við innborgun. Deildin veitir rétt til elli-, örorku-, maka- og barnalífeyris. Miðað er við að taka ellilífeyris hefjist við 65 ára aldur, en getur hafist við 60 ára aldur gegn skerðingu.

4. S deild

Séreignardeild sem tekur við viðbótarsparnaði. Deildin er öllum opin. Fjárhæð iðgjalda er frjál og mynda þau séreign sjóðfélaga ásamt ávöxtun, en að frádrögnum rekstrarkostnaði. Inneign erfist við andlát. Almenna reglan er að heimilt er að hefja útborgun við 60 ára aldur. Frá árinu 2009 hefur hins vegar verið heimilt að fá greiddan hluta séreignarsparnaðar, samkvæmt sérlögum þar um.

II) Reikningsskilaaðferðir

5. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga fyrir árið 2011 er gerður í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga, lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og reglur Fjármáleftrilitsins nr. 55/2000 um ársreikninga lífeyrissjóða. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

6. Skipting á milli A og V deilda

Sjóðurinn rekur tvær samtryggingadeildir, A og V deild. Deildunum er stýrt eins og ef um eina deild væri að ræða og hafa þær sameiginlega fjárfestingarstefnu og eignastýringu. Við gerð ársreiknings er yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris skipt miðað við innborguð iðgjöld og greiddan lífeyri. Þannig fengin hrein eign til greiðslu lífeyris er síðan notuð við skiptingu efnahagsreiknings.

Skiptihlutföll A og V deilda eru 86,9% og 13,1% í árslok 2011, samanborið við 87,6% og 12,4% í ársbyrjun.

7. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

8. Iðgjöld

Iðgjöld í sameign eru færð til tekna þegar skilgreinar hafa borist sjóðnum, óháð því hvort þau eru greidd eða ekki. Ógreidd iðgjöld í árslok eru færð til eignar sem kröfur á launagreiðendur.

Iðgjöld í séreign eru færð til tekna þegar þau hafa verið greidd til sjóðsins. Óinnheimt iðgjöld í árslok eru færð til eignar og skuldar.

Skýringar

9. Fjárfestingartekjur

Tekjur af eignarhlutum samanstanda af fengnum arði og breytingu á markaðsverði hlutabréfa, þ.m.t. vegna breytingu á gengi gjaldmiðla.

Vaxtatekjur og gengismunur samanstanda af vaxtatekjum og verðbótum af verðbréfum með föstum tekjum, veðlánum, bankainnistæðum og ógreiddum iðgjöldum. Einnig af gengismun erlendra skuldabréfa og breytingu á markaðsverði hlutdeildarskírteina.

Breytingar á niðurfærslu samanstanda af breytingu á varúðarniðurfærslu óskráðra verðbréfa á árinu.

10. Fjárfestingargjöld og rekstrarkostnaður

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaði er skipt á milli fjárfestingargjalda og rekstrarkostnaðar eftir því hvort um er að ræða áætlaðan kostnað við fjárfestingar eða annan rekstur sjóðsins. Þannig er áætlað að 20% af skrifstofu- og stjórnunarkostnaði sjóðsins sé vegna fjárfestinga og er hlutfallið óbreytt frá fyrra ári.

Önnur fjárfestingargjöld samanstanda af beinum kostnaði við fjárfestingar sjóðsins og gjöldum af eignaliðnum aðrar fjárfestingar, þar með talið niðurfærslu þeirra.

11. Húseignir og lóðir

Fasteign og aðrir varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til uppsafnaðra afskrifta. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði. Afskriftarhlutföll greinast þannig:

Fasteign.....	3%
Tölvubúnaður.....	25%

12. Verðbréf með breytilegum tekjum

Verðbréf með breytilegum tekjum samanstanda af hlutabréfum, hlutdeildarskírteinum og tengdum afleiðusamningum. Skráð hlutabréf og hlutdeildarskírteini eru færð til eignar á markaðsverði í árslok. Óskráð verðbréf eru færð til eignar á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði í árslok.

13. Framtakssjóðir

Meðal verðbréfa með breytilegum tekjum er eign í innlendum og erlendum framtakssjóðum. Þeir hafa hingað til verið færðir til eignar á kostnaðarverði. Á árinu 2011 var hins vegar breytt um aðferð og eru þeir nú færðir til eignar sem hlutdeild í eigin fé.

Þetta á einnig við um eign í Framtakssjóð Íslands slhf. Félagið er óskráð samlagshlutafélag. Samkvæmt 29. grein reglna Fjármálaeftirlitsins um ársreikninga lífeyrissjóða nr. 55 / 2000 ber að færa eign í óskráðum hlutabréfum á framreiknuðu kaupverði eða markaðsverði, hvort sem lægra reynist. Það er hins vegar mat lífeyrissjóðsins að slíkt gefi ekki glögga mynd í skilningi 5. greinar laga nr. 3/2006 um ársreikninga, 40. greinar laga nr. 129/1997 um starfsemi lífeyrissjóða og 3. greinar reglna FME nr. 55/2000.

14. Verðbréf með föstum tekjum

Verðbréf með föstum tekjum samanstanda af skuldabréfum og öðrum verðbréfum með föstum vöxtum eða tiltekinni vaxtaviðmiðun. Verðbréfin eru færð til eignar miðað við upphaflega kaupkröfu. Í árslok er metin þörf á niðurfærslu og ef hún er talin nauðsynleg þá er bókfært verð fært niður í áætlað markaðsverð.

15. Veðlán

Veðlán samanstanda af skuldabréfum með veði í fasteignum. Þau eru færð til eignar með sama hætti og önnur verðbréf með föstum tekjum.

16. Aðrar fjárfestingar

Aðrar fjárfestingar samanstanda af fullnustueignum, þ.e. fasteignum, lóðum og landsvæðum sem sjóðurinn hefur leyst til sín til fullnustu á kröfum. Eignirnar eru færðar á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði í árslok. Rekstrarkostnaður og breyting á verðmæti er fært meðal annarra fjárfestingargjalda.

Skýringar

17. Skiptasamningar

Skiptasamningar samanstanda af gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamningum. Almennt eru samningarnir færðir til eignar eða skuldar miðað við nettó stöðu samkvæmt árslokayfirlitum mótaðila. Samningunum er ætlað að draga úr gjaldeyrisáhættu vegna erlendra verðbréfa og eru þeir því færðir meðal verðbréfa með breytilegum tekjum.

Í ársbyrjun samanstóðu skiptasamningar af samningum við Kaupþing banka hf. og Landsbanka Íslands hf. Samningarnir við Landsbankann voru gerðir upp á árinu.

Í árslok samanstanda skiptasamningar því af samningum við Kaupþing banka hf. Samningarnir eru fallnir á gjalddaga, en óvíst er hvenær þeir verða gerðir upp og hver sú fjárhæð verður. Ástæðan er ágreiningur við slitastjórn Kaupþings um efnidir, uppgjörstag og viðmiðunargengi íslensku krónunnar.

Lífeyrissjóðir hafa með aðstoð Landssamtaka lífeyrissjóða reynt að ná samkomulagi við slitastjórn Kaupþings um uppgjör þessara samninga, en án árangurs. Er það mat lífeyrissjóðanna að nær fullreynt er að ná niðurstöðu með almennum viðræðum.

18. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í árslok. Gengismunur sem myndast er færður meðal fjárfestingartekna. Miðgengi Seðlabanka Íslands greinist þannig:

	Mynt	Meðalgengi ársins		Árslokagengi	
		2011	2010	31.12.2011	31.12.2010
Evra.....	EUR	161,42	161,89	158,84	153,80
Bandaríkjadóllar.....	USD	116,07	122,04	122,71	115,05
Japanskt jen.....	JPY	1,46	1,39	1,59	1,41
Svissneskur franki.....	CHF	131,20	117,24	130,66	122,91
Sterlingspund.....	GBP	186,00	188,55	189,43	178,47
Sænsk króna.....	SEK	17,88	16,96	17,79	17,16
Dönsk króna.....	DKK	21,67	21,74	21,37	20,64

19. Kröfur

Kröfur á launagreiðendur og aðrar kröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu.

20. Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

Skýringar

III) Sundurliðanir

21. Sérstök aukaframlög

Sérstök aukaframlög greinast þannig:

	Sameign	Séreign	Samtals 2011	Samtals 2010
Framlag ríkissjóðs til jöfnunar örorkubyrði.....	40.282.430	0	40.282.430	37.464.061

22. Lífeyrir

Lífeyrir greinist þannig:

	Sameign	Séreign	Samtals 2011	Samtals 2010
Ellilífeyrir.....	409.761.745	27.810.542	437.572.287	351.493.374
Örorkulífeyrir.....	274.336.761	497.419	274.834.180	228.835.432
Barnalífeyrir.....	38.732.401	0	38.732.401	32.509.441
Makalífeyrir.....	33.566.010	0	33.566.010	29.550.525
Erfðagreiðslur.....	0	273.994	273.994	1.773.779
Fyrirframgreiddur lífeyrir.....	0	98.997.775	98.997.775	58.798.567
	<u>756.396.917</u>	<u>127.579.730</u>	<u>883.976.647</u>	<u>702.961.118</u>

23. Tekjur (gjöld) af eignarhlutum

Tekjur (gjöld) af eignarhlutum greinast þannig:

	Sameign	Séreign	Samtals 2011	Samtals 2010
Af innlendum hlutabréfum.....	132.859.026	259.350	133.118.376	18.709.530
Af erlendum hlutabréfum.....	(63.732.546)	370.200	(63.362.346)	(3.096.629)
	<u>69.126.480</u>	<u>629.550</u>	<u>69.756.030</u>	<u>15.612.901</u>

24. Vaxtatekjur og gengismunur

Vaxtatekjur og gengismunur greinast þannig:

	Sameign		Séreign		Samtals 31.12.2011
	Innlend	Erlend	Innlend	Erlend	
Af verðb. með breyt. tekjur.....	316.051.841	1.041.610.954	12.282.573	(5.147.196)	1.364.798.172
Af verðb. með fast. tekjur.....	2.893.895.140	0	91.185.067	0	2.985.080.207
Af veðlánnum.....	642.595.788	0	0	0	642.595.788
Af bankainnistæðum.....	191.217.884	0	16.083.668	0	207.301.552
Af afleiðusamningum.....	(64.006.094)	0	0	0	(64.006.094)
Af kröfum.....	7.774.230	0	17.996	0	7.792.226
	<u>3.987.528.789</u>	<u>1.041.610.954</u>	<u>119.569.304</u>	<u>(5.147.196)</u>	<u>5.143.561.851</u>

Samanburðarfjárhæðir fyrra árs greinast þannig:

	Sameign		Séreign		Samtals 31.12.2010
	Innlend	Erlend	Innlend	Erlend	
Af verðb. með breyt. tekjur.....	211.655.608	(291.338.968)	12.872.904	(3.296.520)	(70.106.976)
Af verðb. með fast. tekjur.....	2.179.166.466	0	55.236.865	0	2.234.403.331
Af veðlánnum.....	417.159.769	0	0	0	417.159.769
Af bankainnistæðum.....	55.964.455	0	12.572.179	0	68.536.634
Af kröfum.....	9.110.266	0	(307.558)	0	8.802.708
	<u>2.873.056.564</u>	<u>(291.338.968)</u>	<u>80.374.390</u>	<u>(3.296.520)</u>	<u>2.658.795.466</u>

Skýringar

25. Húseignir og lóðir

Húseignir og lóðir greinast þannig:

